

1. Almennt

Arctic Sea Farm ehf. (kt. 700807-0450), Sindragötu 10, 400 Ísafirði, sækir um endurnýjun á rekstrarleyfi vegna 7.800 tonna hámarkslífmassa fyrir sjókvíaeldi á laxi í Patreks- og Tálknafirði, á eldissvæðunum Kvígingisdal og Hvannadal (FE-1219). Arctic Sea Farm sótti um endurnýjun þann 27. desember 2022.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru þau gögn sem stofnunin óskaði eftir vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Arctic Sea Farm ehf. skv. 14. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 3. nóvember til 1. desember 2023 og bárust 15 athugasemdir vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér gögn málsins og telur þau lögmætan grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

2. Strandsvæðisskipulag Vestfjarða og áhættumat um siglingaöryggi

2.1. Strandsvæðisskipulag Vestfjarða

Arctic Sea Farm mun stunda kynslóðaskipt sjókvíaeldi á tveimur eldissvæðum í Patreksfirði og Tálknafirði sem eru í strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Þau eru, Kvígingisdalur á reit SN1 og Hvannadalur á reit SN5.

Almenn ákvæði eiga við um alla reitina í Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða en þar kemur meðal annars fram að við ákvörðun um staðsetningu á búnaði eða starfsemi innan reita þarf að liggja til grundvallar áhættumat um siglingaöryggi í samráði við Vegagerð, Samgöngustofu, Landhelgisgæslu og viðkomandi hafnaryfirvöld. Ótengdir aðilar skulu hafa samráð vegna útfærslu nýtingar og staðsetningar á búnaði eða starfsemi innan sama reits. Fyrir þessa tvo reiti sem fyrirtækið hyggst stunda kynslóðaskipt sjókvíaeldi er engin önnur starfsemi fyrir á sama reit.

Á svæði SN1 – Kvígingisdalur eru sértæk ákvæði: Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi vegna nálægðar við þéttbýlið. Matvælastofnun telur að framkvæmdin muni hafa sjónræn áhrif en þau verði staðbundin og afturkræf að öllu leyti þegar búnaður er fjarlægður. Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur inn á hvítum ljósgeira vitaljóna skal sjókvíaeldisstöð ekki vera staðsett innan hans eða vera nær mörkum ljósgeirans en 50 metra. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar. Þar sem eldissvæði Arctic Sea Farm er innan eða nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljóna mun Matvælastofnun setja eftirfarandi skilyrði inn í rekstrarleyfi fyrirtækisins: Jaðar sjókvíaeldisstöðvar í Kvígingisdal skal ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljóna en 50 m. Botnfestingar (ankeri og tóg) skulu vera á meira en 15 m dýpi þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.

Á svæði SN5 – Hvannadalur er sértækt ákvæði: Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á fuglalíf í Tálkna. Matvælastofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar geti haft jákvæð áhrif á sumar tegundir fugla með tilliti til fæðuöflunar en áhrifin gætu orðið nokkuð neikvæð á aðrar tegundir ef þær fælast burt vegna framkvæmdanna. Stofnunin telur að tilefni sé til að sett verði skilyrði um vöktun fuglalífs í nágrenni eldissvæða í vöktunaráætlun Arctic Sea Farm.

2.2. Áhættumat um siglingaöryggi

Matvælastofnun barst áhættumat um siglingaöryggi vegna eldissvæða SN1 og SN5 þar sem eldissvæði rekstraraðila voru metin m.t.t. siglingaöryggis. Niðurstöður áhættumats siglingaöryggis eru eftirfarandi:

Svæði SN1 – Kvígingisdalur: Hluti fiskeldissvæðisins við Kvígingisdal er innan hvíts ljósgeira frá Ólafsvita, þ.e. í merktri siglingaleið. Ekki er ásættanleg með tilliti til siglingaöryggis að setja neinar hindranir innan hvíts ljósgeira eða innan 50 metra frá mörkum hans. Ef búnaður er nú þegar staðsettur innan þessa svæðis þarf að ganga úr skugga um að hann sé á a.m.k. 15 metra dýpi. Stærstur hluti svæðisins er þó utan hvíta ljósgeirans og ógnar ekki siglingaöryggi. Þar sem umferð um svæðið samanstendur nær eingöngu af litum fiskiskipum og bátum tengdum fiskeldinu, og enginn ás siglingaleiðar liggur við eða meðfram svæðinu er varúðarsvæði upp á 50 m, eins og það er skilgreint í reglugerð um fiskeldi, er talið nægjanlegt. Staðsetning merkja skal ákvörðuð í samráði við Vegagerðina eins og kveðið er á um í lögum nr. 132/1999 um vitamál. Ekki var tekið tillit til mótvægisáðgerða í þessari vinnu, en komi til mótvægisáðgerða mun Matvælastofnun endurskoða rekstrarleyfið m.t.t. þeirra.

Svæði SN5 – Hvannadalur: Engin merkt siglingaleið er í Tálknafirði fyrr en komið er inn fyrir Suðureyri. Nóg pláss er í friðinum fyrir norðan fiskeldið fyrir umferð hvers kyns skipa. Varúðarsvæði upp á 50 m, eins og það er skilgreint í reglugerð um fiskeldi, er talið nægjanlegt þar sem umferð samanstendur nær eingöngu af bátum tengdum fiskeldinu og litum fiskiskipum sem velja þessa siglingaleið þrátt fyrir að kvíarnar séu þarna nú þegar. Staðsetning merkja skal ákvörðuð í samráði við Vegagerðina eins og kveðið er á um í lögum nr. 132/1999 um vitamál.

Matvælastofnun mun setja ákvæði í rekstrarleyfi varðandi staðsetningu búnaðar og merkingar.

3. Umsagnir sem bást vegna rekstrarleyfistillögunar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Hafrannsóknastofnunar og sérgreinadýralækna fisksjúkdóma þann 4. janúar 2024 afstöðu þeirra til 5 km fjarlægðarmarka á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíaeldi í Patrek- og Tálknafirði.

Hafrannsóknastofnun sendi inn umsögn sem dagsett er 11. janúar 2024. Þar kemur fram að í dag séu tveir óskyldir aðilar með rekstrarleyfi í Patreks- og Tálknafirði samtals 20.000 tonn af frjóum eldislaxi og fjarlægð á milli eldissvæða þessara ótengdu aðila sé um 1,5 km miðað við ystu útmörk eldissvæðanna. Í umsögninni er farið yfir fjölda tilfella þegar grípa hefur þurft til meðhöndlunar vegna laxalúsar byggt á mælaborði fiskeldis Matvælastofnunar og þá miklu fjölgun sem varð í slíkum meðhöndlunum á árinu 2023. Þá var farið yfir tilfelli blóðþorra (SA veiru) í sjókvíaeldi á Austfjörðum á árunum 2021-2022 og álit nefndar um smitvarnir í sjókvíaeldi sem kom fram í kjölfarið um mikilvægi þess að viðhafa fjarlægðir eins miklar og hægt væri, helst þannig að eins og einn rekstraraðili væri á skilgreindu smitvarnarsvæði. Með vísan til þess telur Hafrannsóknastofnun ekki ástæðu til að heimila styttri fjarlægðir milli eldissvæða ótengdra aðila en reglugerðin segir til um til að minnka líkur á neikvæðum áhrifum vegna smita. Reynsla af smiti laxalúsar og veiru sem veldur blóðþorra milli eldissvæða og fjarða gefi tilefni til þess að fylgja ákvæðum reglugerðarinnar um fjarlægðir eftir. Þá telur Hafrannsóknastofnun að til staðar séu neikvæð vistfræðileg áhrif í Patreks- og Tálknafirði, hvort sem það sé vegna náttúrlegra aðstæðna á svæðinu eða tilhögunar hinnar leyfisskyldu starfsemi. Lyf sem notuð hafi verið við meðhöndlun á lús hafi neikvæð á hrif á önnur dýr en laxalús og tíðar lyfjameðhöndlunir undanfarin ár auki neikvæð áhrif á önnur krabbadýr líkt og marflær, rækju og átu en lúsalyf hafi svipuð áhrif á öll þessi dýr. Þessi dýr eru neðarlega í fæðuvef þessara fjarða og mikilvæg fyrir lífverur ofar í fæðuvefnum.

Sérgreinadýralæknar fisksjúkdóma sendu inn umsögn dagsetta 9. janúar 2024. Í umsögninni er farið yfir ákvæði 18. gr. rgl. nr. 540/2020 um fiskeldi þar sem gerð er krafa um að eigi sé styttri vegalengd en 5 km milli fiskeldisstöðva og ástæður fyrir fjarlægðarmörkunum, þ.e. til að draga úr líkum á smiti á tilkynningarskyldum sjúkdómum milli eldissvæða ótengdra aðila. Bent er á að áhætta á lúsasmiti milli eldissvæða aukist eftir því sem fjarlægð er minni en þó sé þörf á frekari rannsókna á dreifingu lúsar við íslenskar aðstæður. Í umsögninni kemur fram að nýlega hafi komið upp tilfelli blóðþorra (ISAV HPR-del) í fiskeldi á Austfjörðum af völdum stökkbreytts afbrigðis ISA veiru HPR0 sem finnst víða í umhverfi eldislaxa. Sjúkdómurinn hafi borist milli eldissvæða og milli fjarða sem hefði að öllum líkindum verið hægt að takmarka með hertum smitvörnum.

Fjarlægðatakmörkun milli eldissvæða séu mikilvæg í baráttunni við smitandi veirusjúkdóma eins og blóðþorra sem gæti birst í sjókvíaelði fyrirvaralaust. Bent var á að einn af orsakabáttum laxalúsafaraldursins í Tálknafirði í október 2023 og gæti skýrt mikinn hraða á lúsafjölgun í firðinum væri lítil fjarlægð á milli eldissvæða en aðeins er 2.1 km á milli eldissvæðis Arctic Sea Farm við Hvannadal og svæðis Arnarlax við Laugardal. Í ljósi framangreinds væri brýnt að viðhalda 5 km fjarlægðarmörkum milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíaelði sem mikilvægum lið í smitvörnum alvarlegra smitsjúkdóma og útbreiðslu laxalúsar. Ekki væri talið skynsamlegt að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Í febrúar 2024 bárust Matvælastofnun drög að samkomulagi Arctic Sea Farm og Arnarlax (rekstarleyfishafar í Patreks- og Tálknafirði) varðandi samstarf þeirra á sviði sjúkdóma- og lúsavarna á eldissvæðum sínum á Vestfjörðum, sérstaklega þar sem fjarlægðarmörk eldissvæða eru undir 5 km. Nánar tiltekið var um að ræða samkomulag um sameiginlegt smitvarnarsvæði (Agreement on Common Biosecurity Area) og hins vegar samkomulag um neyðarslátrun (Emergency Harvesting agreement). Þá voru einnig lögð fram drög að sameiginlegri yfirlýsingu beggja aðila um samstarf þeirra varðandi aðgerðir við að halda laxalús í lágmarki.

Þann 14. febrúar 2024 óskaði Matvælastofnun eftir upplýsingum frá Hafrannsóknastofnun um það hvort framangreind drög að samstarfi rekstarleyfishafanna hafi áhrif á fyrri umsögn þeirra m.t.t. fjarlægðar milli ótengdra aðila. Hafrannsóknastofnun sendi inn umsögn dags. 21. febrúar 2024 þar sem stofnunin taldi sig ekki geta tekið afstöðu til málefnisins þar sem það varðaði tilhögun reksturs í eldi ótengdra aðila, en slíkt tengdist ekki starfssviði Hafrannsóknastofnunar.

Með hliðsjón af efni samkomulags Arctic Sea Farm og Arnarlax starfa þessir aðilar sem einn aðili á svæðinu þegar kemur að forvörnum gegn lús og smitvörnum almennt, enda kveður samkomulagið á um áætlanir um að viðhafa samræmdar aðgerðir til vöktunar- og viðbragðsáætlana varðandi forvarnir og meðferð vegna fisksjúkdóma og snikjudýra. Af þessum sökum telur Matvælastofnun að hægt sé að víkja frá meginviðmiði 5. mgr. 18. gr. rgl. nr. 540/2020 og heimila styttri fjarlægð milli fiskeldisstöðva Arctic Sea Farm og Arnarlax í Patreks- og Tálknafirði.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma vegna rekstrarleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun bárust athugasemdir frá 15 aðilum á auglýsingatíma.

Athugasemdir voru frá: Arnarlax ehf., Landvernd, NASF og Guðmundi Guðmundssyni.

Samhljóða athugasemdir bárust frá eftirfarandi aðilum: Sigurfinni Mikaelssyni, Benediktu Guðrúnu Svavarsdóttur fyrir hönd VÁ félags um vernd fjarðar, Ásrúnu Mjöll Stefánsdóttur, Sigfúsi Gunnarssyni, Jennýju Lind Grétudóttur, Jafeti Bjarkari Björnssyni, Magnúsi Tuma Magnússyni, Magnúsi Guðmundssyni, Önnu Dóru Árnadóttur, Þóru Sigfríði Einarsdóttur og Lilju Björk Ívarsdóttur.

Hér á eftir fylgir úrdráttur úr erindi ofangreindra aðila og viðbrögð Matvælastofnunar við þeim athugasemdum sem þar koma fram og tilheyra verksviði Matvælastofnunar.

Björn Hembre, forstjóri fyrir hönd Arnarlax ehf. sendi inn athugasemd þann 1. desember 2023.

- Gerð er athugasemd við að þessi leyfistillaga er ekki í samræmi við 18. grein reglugerðar um fiskeldi nr. 54/2020 þar sem segir „Matvælastofnun skal tryggja að minnsta fjarlægð á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíaelði samkvæmt meginviðmiði sé eigi styttri en 5 km miðað við útmörk hverrar fiskeldisstöðvar.“
- Bent er á að Eldissvæði Arnarlax á Eyri Patreksfirði er í 1,52 km fjarlægð frá eldissvæðinu í Kvíngindisdal. Eldissvæði Arnarlax á Vatneyri Patreksfirði er í 4,43 km fjarlægð frá eldissvæði Arctic Sea Farm í Kvíngindisdal og 3,89 km fjarlægð frá eldissvæðinu í Hvannadal. Fjarlægðin á milli

eldissvæðis Arnarlax í Laugardal og eldissvæðis Arctic Sea Farm í Hvanndal er 2,10 km. Arnarlax telur að 5 km reglan sem felur í sér lágmarksfjarlægð á milli ytri marka sjókvíaeldisstöðva óskyldra aðila eigi að gilda í Patreks- og Tálknafirði og því eigi ekki að heimila staðsetningu framangreindra eldissvæða Arctic Sea Farm eins og þau eru tilgreind í tillögunni þar sem þau eru innan 5 km frá eldissvæðum Arnarlax.

- Þá er bent á að samkvæmt 18. gr. reglugerðarinnar getur Matvælastofnun að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun heimilað styttri fjarlægðir milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila. Samkvæmt upplýsingum Arnarlax hefur Matvælastofnun ekki haft samráð við Hafrannsóknastofnun við ákvörðun um frávík frá 5 km lágmarksfjarlægð í Patreks- og Tálknafirði. Arnarlax telur því að þetta ákvörðunarferli Matvælastofnunar sé ekki í samræmi við reglugerð nr. 540/2020, um fiskeldi.
- Arnarlax segir að í umsögn Hafrannsóknastofnunar, dagsettri 15. nóvember 2023, að stofnunin telur rétt að miða við 5 km fjarlægð milli eldissvæða. Vísað er til þess að nýlega hafi komið upp tilfelli sýkinga völdum laxa- og fiskilúsa sem valdið hafa því að farga hefur þurft eldislaxi. Hér er verið að vísa til nýlegra atburða sem áttu sér stað meðal annars í Patreks- og Tálknafirði. Arnarlax telur þessa mismunandi meðferð leyfisumsókna, annars vegar í Patreks- og Tálknafirði og hins vegar í Ísafjarðardjúpi brot á jafnræðisreglu stjórnsýslulaga.
- Eftir nýlegan faraldur sníkjudýra meðal annars í Patreks- og Tálknafirði mætti ætla að yfirvöld myndu draga fram mikilvægi reglunnar í stað þess að víkja frá henni á suðurfjörðum Vestfjarða. Arnarlax telur að sama fjarlægðarregla eigi að gilda um allt sjókvíaeldi á Vestfjörðum enda ástand og áhætta vegna sjúkdóma sú sama á öllum eldissvæðum á Vestfjörðum.
- Að lokum kemur Arnarlax því á framfæri við Matvælastofnun að félagið hefur sagt upp samningi Arctic Sea Farm og Arnarlax um samstarf um sjókvíaeldi og dýraheilbrigði, sem gert var 17. nóvember 2017 og gildir meðal annars fyrir Patreks- og Tálknafjörð.

Þann 6. mars 2024 lögðu Arctic Sea Farm og Arnarlax fram hjá Matvælastofnun undirritaðan samstarfssamning um sameiginleg smitvarnarsvæði og samræmdar aðgerðir þeirra til vöktunar- og viðbragðsáætlana varðandi forvarnir og viðbrögð vegna fisksjúkdóma og sníkjudýra. Samkvæmt honum munu Arctic Sea Farm og Arnarlax starfa sem einn aðili á sjókvíaeldissvæðum í Patreks- og Tálknafirði að öllu er lýtur að forvörnum gegn lús og smitsjúkdómum þar sem skemmri vegalengd er á milli félaganna en 5 km. Í ljósi þessa telur Matvælastofnun að heimilt sé að víkja frá megin viðmiði um 5 km. fjarlægð sem getið er um í 5. tli. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi.

Þorgerður M. Þorbjarnardóttir, formaður fyrir hönd Landverndar sendi inn athugasemd þann 4. desember 2023

- Bent er á að beðið sé eftir mati Vegagerðarinnar á áhrifum sjókvíanna á öryggi siglingaleiða. Á meðan hefur Matvælastofnun ekki vald til þess að gefa út bráðabirgðaleyfi eða endurnýja leyfi. Líkur er á að staðsetning sjókvíaeldis sé ekki ásættanleg með tilliti til siglingaöryggis þar sem varúðarsvæði hafa ekki verið virt samkvæmt lögum.
- Þá er bent á að sjókvíaeldi á laxi hefur verið í veldisvexti á síðustu 10 árum og stór síendurtekinn og grafaravarleg mistök samhliða ófvexti í opnum sjókvíum hafa opinberast á síðustu árum. Úttekt Ríkisendurskoðunar þar sem skoðuð var stjórnsýsla í tengslum við sjókvíaeldi ætti að vera leyfisveitendum og fiskeldisiðnaðinum til alvarlegrar athugunar. Niðurstöður Ríkisendurskoðunar voru sláandi. „Stjórnsýsla og eftirlit með sjókvíaeldi hafa reynst veikburða og brotakennd og ekki í stakk búin til að takast á við aukin umsvif greinarinnar á síðustu árum. Breytingum á lögum um fiskeldi hefur ekki verið fylgt eftir með styrkingu stjórnsýslu og eftirlits stofnana.“ Þetta sannaðist svo um munaði við umhverfissýsið hjá Arctic Sea Farm þegar frjór laxar úr eldi sluppu og fóru í ár á margföldu því svæði sem sjókvíaeldið hafði talið hættu á. Einnig hafa komið upp gífurlega alvarleg atvik lúsasýkinga og því ljóst að töluverðra úrbóta er þörf.
- Að mati Landverndar eru ekki forsendur til að endurnýja leyfi Arctic Sea Farm á meðan ekki hafa verið gerðar verulega úrbætur og bætt úr þeim veikleikum sem úttekt Ríkisendurskoðunar og fyrrgreind atvik í rekstri sjókvíaeldis hafa leitt í ljós.

Áhættumat um siglingaöryggi fyrir Patreks- og Tálknafjörð lá fyrir 19. desember 2023. Útgáfa leyfisins tekur mið af áhættumatinu og Matvælastofnun telur að siglingaöryggi sé ekki stefnt í hættu með þeim skilyrðum sem rekstrarleyfinu verða settar hvað þetta varðar.

Í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar hefur markvisst verið unnið að úrbótum í eftirliti með sjókvíaeldi eftir að aukið fjármagn fékkst í málaflokkinn í lok ársins 2023. Starfsfólki fiskeldisdeildar hefur fjölgað frá áramótum úr sex stöðugildum í 12 og stendur þjálfun nýrra starfsmanna yfir. Með fjölgun starfsfólks verður hægt að efla og endurskoða eftirlit. Einnig hafa verið teknir í notkun tveir neðansjávardrónar við eftirlit og unnið er að kaupum á bát til notkunar í sama tilgangi. Í ljósi þessa liggur fyrir að eftirlit Matvælastofnunar verður mun umfangsmeira en verið hefur þar sem bæði hefur skort fjármagn og starfsfólk til að sinna því. Með þessum breytingum telur Matvælastofnun að komið sé fyrir þá veikleika sem úttekt Ríkisendurskoðunar benti á í skýrslu sinni.

Elvar Örn Friðriksson, fyrir hönd NASF á Íslandi sendi inn athugasemd þann 30. nóvember 2023.

- *Bent er á að Matvælastofnun hafi farið fram á opinbera lögreglurannsókn á fyrirtækinu, vegna þeirra atburða sem leiddu til þess að þúsundir frjórna eldislaxa sluppu úr opinni sjókví þeirra í Kvíngsdal í Patreksfirði í lok ágúst. Forsvars- og stjórnarmenn fyrirtækisins gætu átt yfir höfði sér allt að tveggja ára fangelsisvist ef þeir verða sakfelldir. Þegar þetta er skrifað er fyrirtækið enn undir rannsókn og ætti því ekki að veita þeim endurnýjun á rekstrarleyfi fyrr en að henni lokinni.*
- *Þá er bent á að slæleg vinnubrögð og vanræksla Arctic Sea Farm ehf. eru á skala sem ekki hefur sést áður í laxeldi í opnum sjókvíum hér á landi. Til að byrja með virkaði kynþroskahindrandi ljósaþyrting fyrirtækisins ekki sem skyldi, svo að stór hluti laxanna í kvíum fyrirtækisins urðu kynþroska. Samkvæmt upplýsingum frá MAST þá er ljóst að aðdraganda slyasleppingarinnar, sem átti sér stað í haust, má rekja til þess að fóðurtæki voru skilin eftir í kvíunum en ekki fjarlægð líkt og á að gera. Þessi tæki nudduðust upp við netapokana sem leiddi til þess að gat myndaðist sem eldislaxarnir sluppu út um.*
- *Fyrirtækið á að sinna neðansjávareftirliti í hið minnsta á 60 daga fresti, en í þetta skiptið var það ekki gert í ríflega 90 daga. Gæti þetta hafa leitt til þess að mun fleiri laxar hafi sloppið úr kvínni en ef eftirliti hefði verið framfylgt sem skyldi. Til að bæta gráu ofan á svart þá er stöðvarstjóri Arctic Fish búsettur á Tenerife, og var hann því staddur í rúmlega 4.000 kílómetra fjarlægð frá þeim opnum sjókvíum þar sem slysið átti sér stað og hann á að stýra og sinna eftirliti með.*
- *Nú í október kom í ljós að lúsafjöldi í kvíum fyrirtækisins voru í slíku magni sem ekki hefur sést áður hér á landi. Leiddi það til þess að slátra þurfti um milljón löxum og farga þeim. Töluvert af laxi hafði þó dáið hægum og kvalarfullum dauða áður en fyrirtækið fór að slátra úr kvínni. Var vandamálið því ekki eingöngu vegna lúsafárs, heldur einnig vegna þeirrar hræðilegrar meðferðar á laxinum sem fyrirtækið ber alla ábyrgð á.*
- *Fyrirtækið hefur sjálft framkvæmt áhættumat siglinga, sem nú er til skoðunar hjá ríkisstofnunum. Sérkennilegt er að notast við mat fyrirtækis sem nú er undir lögreglurannsókn ásamt því að hafa sýnt fram á óheildarleika og vantraust. Eðlilegra er að ríkið geri sjálft óháð áhættumat siglinga, þar sem það ætti fyrst og fremst að vera ábyrgð ríkisins að tryggja öryggi sjófarenda.*
- *Fyrirtækið hefur undanfarnar vikur og mánuði opinberað vanhæfni sína til þess að starfa undir settum lögum og reglum. Telur NASF að vegna ofangreindra þátta eigi ekki að endurnýja rekstrarleyfi Arctic Sea Farm ehf. Eðlilegast er að bíða eftir úrskurði lögreglurannsóknar, nýju áhættumati erfðablöndunar og þar til ný lög um lagareldi liggja fyrir. Óeðlilegt er að veita fyrirtækinu nánast óbreytt leyfi, meðan umhverfisáhrif þeirra atburða sem fyrirtækið stendur á bakvið eru óvituð.*

Matvælastofnun lagði fram kæru til Lögreglustjórans á Vestfjörðum þann 13. september 2023 vegna meintra brota á 22. gr. laga um fiskeldis nr. 71/2008 vegna vanrækslu á umbúnaði í kví sem leiddi til þess að eldislax slapp. Fyrirnefnt ákvæði 22. gr. kveður á um að það varði stjórnarmenn og framkvæmdastjóra rekstrarleyfishafa sektum eða fangelsi allt af tveimur árum, ef sakir eru miklar, m.a. ef eldisfiskur sleppur úr fiskeldisstöð þar sem umbúnaði við fiskeldi hefur verið áfátt vegna athafna eða athafnaleysis þeirra, hvort sem brotið hafi verið framið af ásetningi eða gáleysi. Ákvörðun refsingar er í höndum dómstóla að því gefnu að lögregla hafi rannsakað málið, gefið út ákæru og sekt verið sönnuð.

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum hætti rannsókn málsins þann 19. desember 2023 og kærði Matvælastofnun þá ákvörðun til Ríkissaksóknara 18. janúar 2024. Ríkissaksóknari hefur ekki tekið ákvörðun í málinu. Ákvörðun

um afdrif málsins hjá lögreglu og möguleg viðurlög við meintum brotum er í höndum annars stjórnvalds en Matvælastofnunar.

Matvælastofnun telur opinbera lögreglurannsókn ekki koma í veg fyrir endurnýjun rekstrarleyfi Arctic Sea Farm enda liggur fyrir að rekstrarleyfishafi hefur látið fara fram sannprófun þar sem farið var yfir orsök, verkferla og úrbætur. Ljóst er að rekstrarleyfishafi hefur gert úrbætur á búnaði og verkferlum varðandi fóðrun og neðansjávarfirtlit sem Matvælastofnun telur fullnægjandi.

Matvælastofnun hefur fengið þær upplýsingar frá rekstaraðila að stöðvarstjóri hafi um tíma dvalist erlendis en svo sé ekki í dag og að það hafi ekki haft áhrif á starfsemi leyfishafa. Á þeim tíma sem stöðvarstjóri er ekki á staðnum eru í hans stað fengnir staðgenglar sem sinna þeim störfum sem krefjast viðveru og viðbragða. Matvælastofnun hefur ekki ástæðu til þess að draga í efa að svo sé.

Matvælastofnun telur að fyrirliggjandi áhættumat um siglingaöryggi sé fullnægjandi þrátt fyrir að það sé unnið af rekstrarleyfishafa sjálfum enda hafi það verði staðfest af Vegagerðinni sem veitti umsögn um það þann 19. desember 2023. Við gerð áhættumatsins var farið í gegnum matsferil sem samþykktur var af Landhelgisgæslu Ísland, Samgöngustofu og Vegagerðinni.

Að mati Matvælastofnunar er ekki forsvaranlegt að bíða með ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfisins þar til ný lög um lagareldi liggja fyrir enda alls óljóst hvort og þá hvenær þau verða að lögum. Við ákvörðun um rekstrarleyfi þetta verður að fara eftir nügildandi lögum um fiskeldi nr. 71/2008.

Guðmundur Guðmundsson sendir inn athugasemd þann 29. nóvember 2023.

- *Bent er á að fyrirtækið hefur sýnt af sér óásættanlega vanrækslu í rekstri sjókvíaeldis hérlandis. Þar má nefna kæruleysi við ljósastýringu sem varð til þess að lax í kvíum varð kynþroska. Við það bættist kæruleysi við fóðrun sem leiddi til þess að búnaður var skilinn eftir í kvíum og gataði þær. Í ofaná lag var eftirliti með kvíunum stórlega ábótavant, en þær voru ekki skoðaðar í þrjá mánuði. Skipulag fyrirtækisins við eftirlit virðist sömuleiðis afar veikburða því að í ljós kom að stöðvarstjóri fyrirtækisins á Patreksfirði sem ber ábyrgð á daglegu eftirliti með kvíunum var ekki með fasta viðveru á staðnum heldur dvaldi löngum á Tenerife!*
- *Fyrrgreind vanræksla hafði í för í með sér að kynþroska lax slapp úr kvíum fyrr á þessu ári og gekk upp í fjölmargar íslenskar ár og setti þannig laxastofna í ánum í stórhættu. Eftir laxaflóttann fór Matvælastofnun fór fram á opinbera lögreglurannsókn á fyrirtækinu og stendur hún enn yfir.*
- *Þá má að endingu nefna vítaverða meðferð eldislaxa sem varð til þess að fyrr á þessu ári drap laxalús stóran hluta eldislax í kvíum fyrirtækisins í Tálknafirði.*
- *Að framansögðu má öllum vera ljóst að forvígismenn Arctic Sea Farm hf. eru fullkomlega vanhæfir til þess að reka fiskeldi og því mótmæli ég því harðlega að þeir fái áframhaldandi leyfi til reksturs fiskeldis í Patreks- og Tálknafirði. Til vara geri ég kröfu um að beðið verði með allar leyfisveitingar, þar til ný lög um lagareldi liggja fyrir.*

Fyrir liggur að rekstrarleyfishafi hefur látið fara fram sannprófun á atburði sem leiddi til þess að gat kom á kví sem leiddi til stroks eldislaxa. Í sannprófuninni er farið yfir orsök, verkferla og úrbætur. Ljóst er að rekstrarleyfishafi hefur gert ýmsar úrbætur á búnaði og verkferlum varðandi fóðrun og neðansjávarfirtlit sem Matvælastofnun telur fullnægjandi.

Matvælastofnun hefur fengið þær upplýsingar frá rekstaraðila að stöðvarstjóri hafi um tíma dvalist erlendis en svo sé ekki í dag og að það hafi ekki haft áhrif á starfsemi leyfishafa. Á þeim tíma sem stöðvarstjóri er ekki á staðnum eru í hans stað fengnir staðgenglar sem sinna þeim störfum sem krefjast viðveru og viðbragða. Matvælastofnun hefur ekki ástæðu til þess að draga í efa að svo sé.

Arctic Sea Farm og Arnarlax hafa lagt fram hjá Matvælastofnun undirritaðan samstarfssamning um sameiginleg smitvarnarsvæði og samræmdar aðgerðir þeirra að forvörnum og viðkomu sníkjudýra. Augljóst er af samningunum að Arctic Sea Farm og Arnarlax hyggjast í dag leggja sérstaka áherslu á samstarf til að koma

í veg fyrir m.a. útbreiðslu laxalúsar. Að mati Matvælastofnunar mun þetta samstarf minnka til muna líkur á jafn alvarlegum atburðum og gerðust haustið 2023 þegar útbreiðsla laxalúsar olli miklum skaða í Tálknafirði.

Matvælastofnun telur opinbera lögreglurannsókn ekki koma í veg fyrir endurnýjun rekstrarleyfi Arctic Sea Farm. Ákvörðun um afdrif málsins hjá lögreglu og möguleg viðurlög við meintum brotum er í höndum annars stjórnvalds en Matvælastofnunar

Að mati Matvælastofnunar er ekkert í gögnum málsins sem gefur tilefni til að ætla annað en að fyrirsvarsmenn rekstraraðila uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til stjórnenda í lögum um fiskeldi nr. 71/2008 og ekki sé forsvaranlegt að bíða með ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfisins þar til frumvarp um lagareldi hefur orðið að lögum enda alls óljóst hvort og þá hvenær þau verða að lögum. Við ákvörðun um rekstrarleyfi þetta verður að fara eftir nógildandi lögum um fiskeldi nr. 71/2008.

Sigurfinnur Mikaelsson, Benedikta Guðrún Svavarsdóttir fyrir hönd VÁ félags um vernd fjarðar, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir, Sigfús Gunnarsson, Jenný Lind Grétudóttir, Jafet Bjarkar Björnsson, Magnús Tumi Magnússon, Magnús Guðmundsson, Anna Dóra Árnadóttir, Þóra Sigfríður Einarsdóttir og Lilja Björk Ívarsdóttir sendu inn samhljóða athugasemdir daganna 26.-29. nóvember 2023.

- *Hagaðilar lýsa undrun sinni minni á að ráðuneyti/ráðherra yfir MAST hafi sett stofnunina í vinnu við að endurnýja rekstrarleyfi Arctic Sea Farm ehf. til fiskeldis í Patreks- og Tálknafirði.*
- *Matvælastofnun fór fram á opinbera lögreglurannsókn á Arctic Sea Farm ehf., eftir laxaflóttann frá fyrirtækinu í ágúst í sumar. Fyrirtækið er enn í rannsókn og ætti því ekki að vera í flýtimeðferð hjá hinu opinbera meðan sú rannsókn er í gangi. Hagaðilar gera kröfu um að MAST endurnýji ekki rekstrarleyfi Arctic Sea Farm ehf. fyrr en í fyrsta lagi eftir að lögreglurannsókn lýkur. Forsvars menn þess gætu átt tveggja ára fangelsi yfir höfði sér, vegna ásetnings og gáleysis, verði þeir fundnir sekir.*
- *Arctic Sea Farm ehf. á ábyggilega heimsmet í vanrækslu í rekstri sjókvíaeldis, það hakar í öll boxin. Laxaflótti kynþroska laxa, það kom öllum á óvart. Ljósastýring í kvíum, hvað er það, átti einhver að kveikja ljósin? Svæðisstjóri er búsettur á Tenerife að stjórna kerruleigu.*
- *Fóðurtæki skilin eftir í kvíum, sem settu tvö göt á þær. Eftirlit með kvíum ábótavant. Voru ekki skoðaðar í 90 daga. Áhættumat erfðablöndunar sett á núllpunkt. Laxalús í veldisvexti. Hrikalegt dýranið og almennur subbuskapur. Fyrirtækið kennir ríkinu um vegna seinagangs við leyfi til notkunar lúsaeiturs. Forstjóri fyrirtækisins vill ekki svara því beint hvort það borgar fyrir rekkafara og aðrar ráðstafanir vegna laxaflótta. Sviðsstjóri Fiskistofu segir alveg ljóst að fyrirtækið eigi að borga. Umhverfið, náttúran, sveitarfélögin og íbúalýðræðið skipta sjókvíaeldisfyrirtækinu engu máli. Sjókvíaeldisfyrirtæki sýndi það á dögum. Sveitarfélögin verða af aflagjöldum.*
- *Sjókvíaeldisfyrirtækin kenna ríkinu um flest, sem aflaga fer hjá þeim, vegna seinagangs í kerfinu. Þeim var hleypt hér inn og tekið fagnandi, þar sem þau kæmu með 50 ára reynslu frá Noregi. Fyrirtækin hafa sjálf séð um að opinbera vanhæfni sína. Þau eru ekki traustsins verð.*
- *Samt treysta stjórnvöld fyrirtækinu fyrir öryggi sjófarenda. Fyrirtækið fær sjálft að framkvæma áhættumat siglinga, og þar með að reyna að koma sér út úr hvítum ljósgeira. Svæðið þarf að minnka töluvert til að vera 100 m frá ljósgeira, og tóg og akkerisfestingar mega ekki fara út fyrir eldissvæðið. Festingarnar mega því ekki vera á 15 m dýpi innan hvíts ljósgeira, eins og talað er um í nýju áhættumati í Ísafjarðardjúpi. Þessu þarf að breyta í öllu áhættumati. Allur búnaður á að vera innan eldissvæðis skv. upplýsingum frá Skipulagsstofnun og MAST. Siglingaáhættumatið, sem fyrirtækið lét gera er nú í skoðun hjá ríkisstofnunum. Hagaðilar mótmæla því að áhættumat siglinga, sem Arctic Sea Farm ehf. gerði verði notað, því það getur aldrei orðið hlutlaust. Þeir mótmæla því harðlega að Arctic Sea Farm ehf. verði veitt nánast óbreytt leyfi til 16 ára, meðan nýtt áhættumat erfðablöndunar liggur ekki fyrir og enginn veit hvaða umhverfisáhrif hljótast af laxaflóttanum og hver áhrif erfðablöndunar verða á laxastofnana. Hagaðilar taka undir þetta með MAST en krefst þess að staðfesta áhættumatið verði unnið af hlutlausum aðila frá grunni. Í tillögu MAST stendur: "Óheimilt er að hafa eldisbúnað á eldisvæðinu við Kvígindisdal í Patreksfirði og við Hvannadal í Tálknafirði fyrr en staðfest áhættumat um siglingaöryggi liggur fyrir." Hagaðilar taka undir þetta með MAST en krefst þess að staðfesta áhættumatið verði unnið af hlutlausum aðila frá grunni.*
- *Hagaðilar mótmæla því harðlega að Arctic Sea Farm ehf. verði veitt nánast óbreytt leyfi til 16 ára, meðan nýtt áhættumat erfðablöndunar liggur ekki fyrir og enginn veit hvaða umhverfisáhrif hljótast af*

laxaflóttanum og hver áhrif erfðablöndunar verða á laxastofnana Þeir gera kröfu um að beðið verði með allar leyfisveitingar, þar til ný lög um lagareldi liggja fyrir. Auk þess mótmæla þeir því harðlega að Arctic Sea Farm ehf. verði veitt nánast óbreytt leyfi til 16 ára, meðan enginn veit hvaða umhverfisáhrif hljóttast af laxaflóttanum og hver áhrif erfðablöndunar verða á laxastofnana.

Það er hlutverk Matvælastofnunar að taka ákvörðun um útgáfu eða höfnun rekstarleyfa, ekki ráðuneyta eða ráðherra. Leyfisútgáfa eða synjun er kæránleg til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál. Ákvörðun Matvælastofnunar um útgáfu rekstarleyfisins er ekki undir neinum kringumstæðum þvinguð fram af ráðuneyti né ráðherra.

Matvælastofnun telur opinbera lögreglurannsókn ekki koma í veg fyrir endurnýjun rekstrarleyfi Arctic Sea Farm. Ákvörðun um afdrif málsins hjá lögreglu og möguleg viðurlög við meintum brotum er í höndum annars stjórnvalds en Matvælastofnunar. Afgreiðsla rekstarleyfis Arctic Sea Farm hefur ekki hlotið neina flýtimeðferð hjá Matvælastofnun.

Fyrir liggur að rekstrarleyfishafi hefur látið fara fram sannprófun á atburði sem leiddi til þess að gat kom á kví sem leiddi til stroks eldislaxa. Í sannprófuninni er farið yfir orsök, verkferla og úrbætur. Ljóst er að rekstarleyfishafi hefur gert ýmsar úrbætur á búnaði og verkferlum varðandi fóðrun og neðansjávarfirtlit sem Matvælastofnun telur fullnægjandi.

Matvælastofnun hefur fengið þær upplýsingar frá rekstaraðila að stöðvarstjóri hafi um tíma dvalist erlendis en svo sé ekki í dag og að það hafi ekki haft áhrif á starfsemi leyfishafa. Á þeim tíma sem stöðvarstjóri er ekki á staðnum eru í hans stað fengnir staðgenglar sem sinna þeim störfum sem krefjast viðveru og viðbragða. Matvælastofnun hefur ekki ástæðu til þess að draga í efa að svo sé.

Í löggjöf hefur verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaelði standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögnum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. í lögum nr. 71/2008 er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austfirðir falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Ísafjarðardjúp.

Áhættumat um siglingaöryggi fyrir Patreks- og Tálkafjörð lá fyrir 19. desember 2023. Útgáfa leyfisins tekur mið af áhættumatinu og Matvælastofnun telur að siglingaöryggi sé ekki stefnt í hættu með þeim skilyrðum sem rekstarleyfinu verða settar hvað þetta varðar. Við gerð áhættumatsins var farið í gegnum matsferil sem samþykktur var af Landhelgisgæslu Ísland, Samgöngustofu og Vegagerðinni.

5. Samstarfssamningur

Þann 6. mars 2024 lagði umsækjandi fram tvo samstarfssamninga milli Arnarlax og Arctic Sea Farm undirritað af fyrirsvarsmönnum beggja fyrirtækjanna. Annars vegar var um að ræða samkomulag um sameiginlegt smitvarnarsvæði (Agreement on Common Biosecurity Area) og hins vegar samkomulag um

neyðarslátrun (Emergency Harvesting agreement). Þá var einnig lögð fram sameiginleg yfirlýsing beggja aðila um samstarf þeirra varðandi aðgerðir við að halda laxalús í lágmarki.

Samkvæmt samningi aðila um sameiginlegt smitvarnarsvæði er tilgangur hans að setja á stofn sameiginlegt smitvarnarsvæði í Ísafjarðardjúpi, Arnarfirði og Patreks- og Tálknafirði með það að meginreglu að aðilar samningsins viðhafi „samræmda og sameiginlega hvíldartíma allra eldissvæða innan smitvarnarsvæðis í því skyni að skilja kynslóðaeldi að í rúmi og tíma með smitvarnir vegna sjúkdóma að markmiði.“

Í samkomulaginu kemur fram að aðilar muni halda 5 km lágmarksfjarlægð milli næstu eldiskvía innan aðskilinna smitvarnarsvæða. Einungis megi gera undantekningar, í þeim tilfellum þegar báðir aðilar samþykkja, og með samþykki Matvælastofnunar, þegar sýnt hefur verið fram á takmörkuð vatnstengsl eins og í Arnarfirði sunnanverðum og norðanverðum. Eins og fyrr segir munu aðilar samningsins setja út eldisfisk í sjókvíar af sömu kynslóð og samræma hvíldartíma sín á milli áður en settar eru út nýjar kynslóðir eldisfisks. Einnig munu aðilar viðhafa sameiginlegar vöktunar- og viðbragðsáætlanir varðandi forvarnir og meðferð vegna fisksjúkdóma og sníkjudýra. Einn þáttur þess felist í samræmdum aðgerðum til að halda lúsasmiti undir ákveðnum viðmiðum. Til að ná markmiðum samningsins munu aðilar skiptast á upplýsingum um heilsu fisks á hverju smitvarnarsvæði og upplýsa hvorn annan tafarlaust ef upp koma frávik. Þá munu aðilar upplýsa hvorn annan vikulega um niðurstöður lúsatalninga.

Ítarlegra er fjallað um aðgerðir varðandi laxalús í yfirlýsingu aðilanna um samstarf þeirra varðandi aðgerðir við að halda laxalús í lágmarki, þ.m.t. lúsatalningu, meðferðar, aðgangs að starfsfólki til að annast lúsameðferð á eldissvæðum á Vestfjörðum og sameiginlega leigu að skipi til lúsameðhöndlunar.

Í samningi aðila um neyðarslátrun er ítarlega fjallað um samstarf þeirra varðandi sláturbjónustu fyrir lax í þeim tilfellum þegar neyðarástand kemur upp eins og í tilfellum þegar upp kemur aukinn dánartíðni og hættu á útbreiðslu sjúkdóma svo sem ISA/PD. Í samningnum er ítarlega fjallað um framkvæmd og forgang aðila að sláturhúsum, aðgang að starfsfólki og notkunar brunnbáta.

Af framangreindum samningum er ljóst að aðilar hyggjast viðhafa samræmdar aðgerðir til vöktunar- og viðbragðsáætlanir varðandi forvarnir og meðferð vegna fisksjúkdóma og sníkjudýra og starfa sem einn aðili komi upp slík tilfelli.

6. Forsendur útgáfu

Þann 11. nóvember 2013 sendu Arctic Sea Farm og Fjarðarlax (síðar Arnarlax) Skipulagsstofnun sitthvora tilkynninguna um fyrirhugað eldi í Patreks- og Tálknafirði. Tveimur mánuðum síðar óskuðu rekstraraðilar eftir því að vinna sameiginlegt umhverfismat fyrir framkvæmdinni í fjörðunum, sem Skipulagsstofnun samþykkti. Sameiginleg matsskýrsla Arctic Sea Farm og Fjarðarlax var gefin út þann 6. maí 2016 en þar áætlaði Fjarðarlax að ala 7.700 tonn og Arctic Sea Farm 6.800 tonn samtals í Patreks- og Tálknafirði. Samkvæmt matsskýrslu var gert ráð fyrir því að starfsemi fiskeldisstöðva þessara aðila væru innan við 5 km. Byggt var á þeirri forsendu að starfsemin yrði samræmd. Matvælastofnun veitti fyrirtækjunum rekstrarleyfi í desember 2017. Eftir að rekstrarleyfin höfðu verið felld úr gildi með úrskurði Úrskurðarnefndar um umhverfis og auðlindamál lögðu fyrirtækin sameiginlega fram viðbót við fyrri frummatsskýrslu og matsskýrslu til að bæta úr annmörkum sem voru á málsmeðferðinni. Í áltí Skipulagsstofnunar vegna fyrirtækjanna fyrirtækjanna um fiskeldi í Patreks- og Tálknafirði var vísað til samvinnu fyrirtækjanna og að þörf væri á að setja skilyrði í rekstrarleyfi um samræmda útsetningu seiða til að lágmarka hættu á að smit frá eldinu bærast á milli árgangssvæða. Í kjölfarið gaf Matvælastofnun út ný leyfi, þ.m.t. það leyfi sem nú er verið að endurnýja. Arctic Sea Farm ehf. hefur stundað eldi á grundvelli leyfisins frá árinu 2019.

Eins og fram hefur komið í kafla 5 hefur verið lagður fram ítarlegur samningur milli Arctic Sea Farm og Arnarlax um sameiginlegt smitvarnarsvæði en ljóst er að einungis er um 1,5 km fjarlægð er á milli eldissvæðis Arctic Sea Farm í Kvígindisdal og eldissvæðis Arnarlax á Eyri í Patreksfirði. Með hliðsjón af efni samkomulags Arctic

Sea Farm og Arnarlax starfa þessir aðilar sem einn aðili á svæðinu þegar kemur að forvörnum gegn lús og smitsjúkdómum almennt, enda kveður samkomulagið á um áætlanir um að viðhafa samræmdar aðgerðir til vöktunar- og viðbragðsáætlana varðandi forvarnir og meðferð vegna fisksjúkdóma og sníkjudýra. Matvælastofnun telur að fyrir liggja nægjanlegar upplýsingar til að leggja mat á sjúkdómatengda og vistfræðilega þætti tengda endurnýjun á leyfinu og á grundvelli málsatvika, samkomulags fyrirtækjanna og öðrum gögnum sem liggja fyrir að hægt sé víkja frá meginviðmiði 5. mgr. 18. gr. rgl. nr. 540/2020 og heimila styttri fjarlægð milli fiskeldisstöðva Arctic Sea Farm og Arnarlax í Patreks- og Tálknafirði.

Matvælastofnun mun setja skilyrði inn í rekstrarleyfi fyrirtækisins um að rekstrarleyfið sé bundið við að leyfishafi viðhafi samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða innan sjókvíaeldissvæðis. Jafnframt er rekstrarleyfið bundið við að leyfishafi vinni, í slíkum tilvikum og eftir atvikum, með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar. Þá er sett það skilyrði að rekstrarleyfishafa beri að sækja um heimild til Matvælastofnunar til útsetningar seiða í samræmi við 46. gr. reglugerðar nr. 540/2020.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru þau gögn sem stofnunin óskaði eftir vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Arctic Sea Farm ehf. í Patreks- og Tálknafirði. skv. 14. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Að mati Matvælastofnunar eru skilyrði til útgáfu rekstrarleyfis til handa Arctic Sea Farm ehf.

7. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um endurnýjun rekstrarleyfis til Arctic Sea Farm ehf. í Patreks- og Tálknafirði. Rekstrarleyfið heimilar 7.800 tonna hámarkslífmassa af laxi í Patreks- og Tálknafirði, og nær til kynslóðaskipts sjókvíaeldis á tveimur staðsetningum, Kvígingisdal og Hvannadal.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi og gildir til gildir til 21. mars 2040

Selfossi, 21. mars 2024